

**Umhverfisstofnun**  
b/t Kristján Geirsson  
Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Reyðarfjörður, 15. júlí 2009

**Efni: Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi vegna fyrirhugaðrar breytingar á rekstri.**

Alcoa Fjarðaál, kt. 520303-4210, rekstraraðili álvers á Reyðarfirði leggur hér með inn meðfylgjandi umsókn um endurskoðun á starfsleyfi fyrirtækisins.

Núverandi starfsleyfi var gefið út 25. janúar 2007 af Umhverfisstofnun, á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun.

Fyrirspurn hefur verið send til Skipulagsstofnunar til að kanna hvort viðkomandi endurskoðun á starfsleyfi fyrirtækisins sé háð mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 með síðari breytingum, um mat á umhverfisáhrifum og lið 13.a í viðauka 2.

Breytingar frá fyrra starfsleyfi sem óskað er eftir í endurskoðuninni eru eftirfarandi:

- Í grein 1.2 um „Umfang starfseminnar“ óskast heimild til framleiðslu áls breytt úr 346.000 tonnum í 360.000 tonn.

**Skýring:**

Fyrirsjáanlegt er að framleiðslugeta álversins getur aukist úr 346.000 tonnum í 360.000 tonn á ári, sem er sú framleiðslugeta sem talið er mögulegt að ná með núverandi búnaði fyrirtækisins án framkvæmda. Áætlunin er að ná fram þessari framleiðsluaukningu með aukningu á straumstyrk og bættri nýtingu kera

- Í grein 2.5 um „Losunarmörk“ óskast endurskoðað leyfilegt magn brennisteinsdíoxíðs í útblæstri þannig að sé til samræmis við losunarmörk annarra álvera á Íslandi. Þannig myndi ársmeðaltal í kg/tAl verða 18,0 í stað 13,5.

Skýring:

Fyrirsjáanlegt er að brennisteinsinnihald í rafskautum muni aukast miðað við þær áætlanir sem núverandi starfsleyfi byggir á. Reikna má með að hámarks brennisteinsinnihald rafskauta verði allt að 2,14% í stað 1,8% eins og áður var gert ráð fyrir. Það leiðir til losunar á allt að 18 kg af brennisteinsdíoxíði á hver framleitt tonn af áli. Það yrði til samræmis við losunarmörk annara álvera á Íslandi.

Nýjir loftdreifireikningar eru lagðir fram í skýrslunni fyrirspurn um matskyldu sem fylgir þessari umsókn ásamt greinagerð. Þeir sýna að álver Alcoa Fjarðaáls mun uppfylla öll umhverfismörk loftgæða og að umhverfisáhrif framleiðsluaukningarinnar er óveruleg.

Tímaáætlun vegna vinnu Umhverfisstofnunar og kostnaður Alcoa Fjarðaáls vegna endurskoðunarinnar óskast send Guðmundi S Kröyer ( [gudmundur.sveinsson@alcoa.com](mailto:gudmundur.sveinsson@alcoa.com) ), og mun hann jafnframt veita allar frekari upplýsingar sem Umhverfisstofnun kann að leita eftir. Afrit af samskiptum óskast sent á undirritaðan ( [geir.hlodversson@alcoa.com](mailto:geir.hlodversson@alcoa.com) )

Alcoa Fjarðaál óskar eftir því að Umhverfisstofnun afgreiði umsókn fyrirtækisins um endurskoðað starfsleyfi með eins skjótum hætti og unnt er til að tryggja að fyrirtækið geti framleitt ál á forsendum endurskoðaðs starfsleyfis sem fyrst.

Virðingarfyllt

F.h. Alcoa Fjarðaál sf.



---

Geir Sigurpáll Hlödversson  
Framkvæmdastjóri umhverfismála